

Föstudaginn 21. mars 1986.

Nr. 52/1984. **Iðnaðarráðherra vegna
Rafmagnsveitna ríkisins og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**Guðríði Gyðu Halldórsdóttur og
Árna Pálssyni vegna ólögráða
sonar, Sigurðar Más Grétarssonar,
og vegna þeirra sjálfra og
Gunnari M. Guðmundssyni
hæstaréttarlögmanni**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

og

**Guðríður Gyða Halldórsdóttir og
Árni Pálsson vegna ólögráða
sonar, Sigurðar Más Grétarssonar,
og vegna sjálfra sín**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

**iðnaðarráðherra vegna
Rafmagnsveitna ríkisins og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skaðabótamál. Sönnun. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thorodd-
sen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19.
mars 1984. Þeir gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýj-
enda og að þeim verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og
fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda Guðríðar Gyðu Halldórs-
dóttur og Árna Pálssonar vegna eigin aðildar þeirra að málinu en

málskostnaður verði látinn falla niður vegna málsaðildar Sigurðar Más Grétarssonar. Ennfremur að lækkuð verði gjafsóknarlaun þau er héraðsdómur dæmði skipuðum talsmanni gagnáfrýjanda Sigurðar Más Grétarssonar í héraði, Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni.

1. *varakrafa*: Að aðaláfrýjendur verði sýknaðir að svo stöddu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og þeim dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eins og krafist er í aðalkröfu.

2. *varakrafa*: Að kröfur gagnáfrýjenda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 26. mars 1984. Þeir krefjast þess að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim 1.750.000,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 8. júní 1981 til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarlaun og loks að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun um tjón Sigurðar Más Grétarssonar vegna örorku gerð af Jóni E. Þorlákssyni tryggingafræðingi 5. febrúar 1986. Ennfremur endurrit úr dagbók lögregluunnar á Húsavík um þjófnað á sprengiefni og hvellhettum úr húsi Léttsteypunnar hf. aðfaranótt 30. ágúst eða 1. september 1979 og um fund á sprengiefni og hvellhettum nálægt Grímsstöðum í Mývatnssveit 14. september 1979 svo og skýrsla Daníels Guðjónssonar lögregluvarðstjóra, dags. 15. febrúar 1986, um hið síðarnefnda.

Þá hefur og verið lagt fyrir Hæstarétt svar Ingólfs Árnasonar rafveitustjóra, dags. 10. febrúar 1986, við fyrirspurn ríkislögmans um framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins eða verktaka á vegum þeirra í Mývatnssveit á árunum 1976-1981, úttekt þessara vinnuflokka á sprengiefni og losun þeirra á afgangsefni. Segir m.a. svo í skýrslunni:

„Árin 1976 til 1979 voru umtalsverðar framkvæmdir á okkar vegum í Mývatnssveit eins og eftirfarandi upptalning sýnir. Unnið var við innanbæjarkerfið í Reykjahlíð sem hér segir: Árið 1976 var byggt spennistöðvarhús við Hlíðarveg, lagður var 250 m langur háspennustrengur, 700 m langur lágspennustrengur, lagðar 6 heim-

taugar og reistir 7 götuljósastaurar. Árið 1977 voru reistir 12 götuljósastaurar og lagðar 8 jarðstrengsheimtaugar. Árin '78 til '81 voru lagðar fjórar til átta heimtaugar ár hvert. Mestu framkvæmdir okkar á þessum slóðum var (sic) árið 1979 en þá var lögð línan frá Kröfluvirkjun að Kísiliðju og við það verk þurfti að nota sprengiefni í töluverðum mæli. Árið 1980 var línan Helguvogur — Skútustaðir þrífösuð. Við þetta verk þurfti ekkert sprengiefni að nota.

Útvegum sprengiefnis er og var þannig háttuð, að fengið var sprengiefni af birgðum Rarik í Reykjavík. Eftir að sprengiefnið kom til Akureyrar var því komið í geymslu í sprengiefnageymslu Vegagerðarinnar og Akureyrarbæjar. Starfsmaður Vegagerðarinnar sá um lyklavörslu og afgreiðslu þess. Eftir að komið var heim til Akureyrar að loknu verki var afgangi, ef einhver var, komið aftur fyrir í geymslunni. Á vinnustað eða í nágrenni hans var reynt að finna öruggan stað fyrir sprengiefnakisturnar sem voru tvær járnslagnar trékistur, önnur geymdi hvellhettur, en hin sprengiefni. Í Mývatnssveit voru kisturnar geymdar í húsi Léttsteypunnar sem óneitanlega er heppilegur staður. Húsið stendur afskekkt og er ekki í alfaraleið. Eins og fyrr segir var notað sprengiefni við byggingu á línunni Krafla — Kísiliðja eða árið 1979 en ekkert '80 og '81. Allar hvellhettur, sem notaðar voru, voru no O með rauðum og grænum þræði. Hverrar gerðar var hvellhettan sem slysinu olli? Ég tel útilokað að línumenn, sem vanir eru að umgangast hvellhettur og sprengiefni, kasti því eins og hverju öðru rusli á sorphauga. Árið 1980 var fenginn maður úr Mývatnssveit til að hreinsa rusl og sá í gróðurskemmdir við Byggðalínu (Austurlínu). Mér hefur verið tjáð að rusli úr þessari hreinsun hafi verið kastað á þessa hauga. Skömmu áður en slysið varð, er upplýst að menn úr sveitinni hafa sprengt bilflök og fleira á haugunum.“

Ekki er ágreiningur um, að Sigurður Már Grétarsson fann dínamíthvellhettu á sorphaugum skammt fyrir sunnan Kísiliðjuna hf. nokkru áður en hann varð fyrir slysi því, er mál þetta reis af. Ekki er heldur um það deilt, að Rafmagnsveitur ríkisins notuðu hvellhettur af sömu gerð og þá, sem slysinu olli, í einhverjum mæli í Mývatnssveit og nágrenni. Að kvöldi slysdags fundust á sorphaugunum sprengivírar, sem voru eins á lit og vírarnir í hvellhettunni,

sem sprakk í höndum Sigurðar. Eftir útliti að dæma gætu þeir því hafa verið frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Hins vegar er komið fram að ýmsir fleiri aðilar notuðu á næstu árum á undan sprengiefni við verkframkvæmdir í Mývatnssveit og næsta nágrenni. Einn þeirra notaði hvellhettu til að sprengja bílflak á sorphaugunum. Í yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst hann þó hafa notað hvellhettu af annarri gerð en þeirri, sem slysið hlaut af.

Að öðru leyti nýtur við takmarkaðra gagna um notkun sprengiefnis, meðferð þess og varðveislu í Mývatnssveit og nágrenni á þeim tíma sem hér skiptir máli. Ljóst er þó af málgögnum að fleiri en Rafmagnsveitur ríkisins höfðu með höndum allmikið magn sprengiefnis. Á bæjarþingi var kveðinn upp úrskurður um frekari öflun gagna, en ekki tókst að afla þeirra. Var héraðsdómur kveðinn upp að svo búnu.

Hvorki er sannað, að margnefnd hvellhetta hafi verið í eigu Rafmagnsveitna ríkisins né að hún hafi borist á sorphaugana fyrir tilverknað manna, sem þær bera ábyrgð á. Í málinu er að vísu leitt í ljós, að nokkur misbrestur varð á því hjá starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins að gætt væri góðrar reglu um meðferð sprengiefnis. Ekki hafa þó verið leiddar að því nægar líkur, að gáleysi starfsmanna Rafmagnsveitnanna sé orsök þess að hvellhetta barst á sorphaugana. Samkvæmt því verður að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjenda í málinu.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjandans Sigurðar Más Grétarssonar sem ekki þykja úr hófi svo að rétt sé að breyta ákvörðun héraðsdóms.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda, Guðríðar Gyðu Halldórsdóttur og Árna Páslssonar vegna Sigurðar Más Grétarssonar og sín sjálfra.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns Sigurðar Más Grétars-sonar, eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna

Bjarna K. Bjarnasonar og Magnúsar Thoroddsen.

Við erum ósammála meirihluta Hæstaréttar um það að sýkna aðaláfrýjendur af skaðabótakröfum gagnáfrýjenda, þar eð við teljum að staðfesta eigi þá úrlausn hins áfrýjaða dóms að leggja óskoraða skaðabótaskyldu á aðaláfrýjendur vegna slyss þess, er Sigurður Már Grétarsson varð fyrir hinn 8. júní 1981. Í því efni vitnum við í meginatriðum til rökstuðnings hins áfrýjaða dóms.

Til frekari áréttingar bendum við á eftirfarandi:

Í skýrslu Þrastar Brynjólfssonar, lögregluvarðstjóra á Húsavík, dags. 8. júní 1981, segir m.a. að hann hafi, sama kvöldið og slysið varð, farið ásamt öðrum lögreglumanni og Þorsteini Arthúrssyni, sem er vélvirki hjá Kísiliðjunni h/f, á öskuhaugana sunnan við byggingu Léttsteypunnar í Mývatnssveit. Þar hafi þeir fundið, innan um alls kyns úrgang, sem þeim virtist koma frá raflínulögnum, sprengivíra, „er allir voru með sömu litum og vírarnir í hvellhettunni, sem slysinu olli, þ.e. grænir og rauðir.“ Síðar í skýrslu þessari getur Þröstur varðstjóri þess, að Þorsteinn Arthúrsson hefði „farið á haugana fyrr um daginn við annan mann og þeir þá fundið mikið af sprengivírum á þessum sama stað.“

Þorsteinn Arthúrsson skýrði Hannesi Thorarensen rannsóknar-lögreglumanni svo frá hinn 8. júlí 1981, að hann hefði rætt við Sigurð Má Grétarsson strax eftir slysið. Hafi Sigurður Már verið með fulla meðvitund allan tímann og getað lýst vandlega staðháttum, þar sem hann hafi fundið hvellhettuna „á ruslahaugum austan við Jarðbakshóla og sunnan við Léttsteypuna h/f.“ Fór Þorsteinn á stað þennan ásamt nefndum rannsóknarlögreglumanni og Árna Pálssyni, stjúpa Sigurðar Más. Tók rannsóknarlögreglumaðurinn ljósmyndir af vettvangi. Þá bar Þorsteinn, að á ruslahaugunum, þar sem Sigurður Már hafi sagst hafa fundið hvellhettuna, hafi verið

ýmiss konar rusl og afgangar, er Þorsteinn taldi að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK) hefðu sett þarna. Meðal þess hafi verið „tréstaurobútar, vírbútar af fleiri en einum gildleika og loft-línueinangrarinn.“ Því taldi Þorsteinn langlíklegast, að hvellhettan, sem Sigurður Már fann þarna, hafið komið frá RARIK.

Árni Pálsson, stjúpi Sigurðar Mús, bar efnislega á sama veg hjá rannsóknarlögreglunni og Þorsteinn.

Í bréfi Ingólfs Árnasonar, yfirmanns Rafmagnsveitna ríkisins á Akureyri, til ríkislögmanns, dags. 10. febrúar 1986, segir m.a. að allar hvellhettur, sem notaðar hafi verið á vegum RARIK í Mývatns-sveit, hafi verið „no O með rauðum og grænum þræði.“ Ennfremur segir Ingólfur svo í téðu bréfi: „Árið 1980 var fenginn maður úr Mývatnssveit til að hreinsa rusl og sá í gróðurskemmdir við Byggðalínu (Austurlínu). Mér hefur verið tjáð að rusli úr þessari hreinsun hafi verið kastað á þessa hauga.“

Þegar allt framanritað er virt og skoðaðar eru ljósmyndir af vettvangi, svo og það, að telja verður að hvellhettan hafi fundist innan um drasl á haugunum, sem helst verður rakið til RARIK verður að telja, eins og sönnunaraðstöðu er háttað í þessu máli, að nægilega sterkar líkur séu fram komnar fyrir því, að hvellhetta sú, er slysinu olli, stafi frá Rafmagnsveitum ríkisins vegna gáleysis starfsmanna á þeirra vegum um geymslu hvellhettu þessarar. Því teljum við, svo sem í upphafi er getið, að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um óskoraða skaðabótaskyldu aðaláfrýjenda á tjóni því, er drengurinn, Sigurður Már Grétarsson, beið við framangreinda sprengingu. En þar sem meirihluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu að sýkna beri aðaláfrýjendur í málinu, er ekki þörf á að við fjöllum um bótakröfur tölulega.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað og dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 24. nóvember sl., hefur Guðríður Gyða Halldórsdóttir, nnr. 3195-4525, Lynghrauni 8, Mývatnssveit, S-Þingeyjarsýslu og Árni Pálsson, nnr. 0531-4577, sama stað, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 15. mars 1983 v/ólógráða sonar síns Sigurðar Mús Grétarssonar, f. 22. desember 1968 og til heimilis hjá þeim, á hendur

iðnaðarráðherra v/Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra v/ríkissjóðs, svo og v/ sjálfra sín gegn sömu aðilum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 1.750.000,00 með 34% ársvöxtum frá 8. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. mars 1983 var stefnendum veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar aðallega að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og bótaábyrgð skipt og málskostnaður þá látinn niður falla.

Til þrautavara að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna.

Málavextir eru þeir að 8. júní 1981 stórslasaðist Sigurður Már Grétars-son, er hvellhetta sprakk í höndum hans á heimili stefnanda. Drengurinn var þá 12 ára gamall. Hafði hann fundið hvellhettuna ásamt fleiri hlutum við sorphauga í nágrenni Reykjahlíðarþorps við Mývatn.

Rannsóknarlögregla ríkisins framkvæmdi rannsókn á tildrögum slyssins. Beindist rannsóknin fyrst og fremst að því að leiða í ljós hvaðan umrædd hvellhetta hefði komið og hver væri valdur að því að slíkur hlutur lægi svo að segja á almannafæri.

Stefnendur reisa kröfur sínar í málinu á því að leitt sé í ljós að hvellhettan, sem slysinu olli, hafi fundist á sorphaugum í nágrenni íbúðarbyggðar við Mývatn, þar sem ekkert hafi hindrað mannaferð og börn væru iðulega í leit að hlutum. Þá sé leitt í ljós að umrædd hvellhetta sé frá Rafmagnsveitum ríkisins komin. Hafi hvellhettan verið látin þar sem hún fannst af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins, og hafi þeir ekki verið grandalausir um að sprengiefni væri meðal þess sem þeir köstuðu á haugana.

Verði ekki talið nægilega sannað að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafi vísitandi komið sprengiefni fyrir á nefndum sorphaugum, reisa stefnendur kröfur sínar á því að leitt sé í ljós að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafi stórkostlega vangeymt sprengiefni er þeir höfðu undir höndum við störf í Mývatnssveit og til þess megi rekja tilvist umræddrar hvellhettu á fundarstaðnum. Hafi sprengiefnið þá borist á fundarstaðinn vegna kæruleysis starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins eða vegna þjófnaðar er rekja megi til vangeymslu þeirra.

Stefnendur halda því fram að hvort sem um var að ræða beinan tilverknað starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins, meðvitaðan eða ómeðvitaðan, eða óbeinan atbeina þeirra með vangeymslu sprengiefnis, komi það

í einn stað niður um bótaábyrgð. Í hvoru tilviki sem var hafi verið um að ræða stórkostleg mistök og vítavert gáleysi í meðferð og geymslu afar hættulegs efnis sem öllum, er hlut áttu að, hlaut að vera ljóst að hæglega gæti leitt til slysa. Á þessum mistökum og gáleysi starfsmanna sinna við skyldustörf þeirra á vegum og í þágu Rafmagnsveitna ríkisins hljóti stofnunin að bera fulla fébótaábyrgð.

Stefnendur leggja m.a. áherslu á eftirfarandi atriði, sem þeir telja koma fram í skýrslum og vitnaframburðum í lögreglurannsókninni, sem áður hefur verið vikið að:

1. Sigurður Már Grétarsson hafi gert sér glögga grein fyrir fundarstað hvellhettunnar. Rétt eftir slysið hafi hann lýst þeim stað fyrir tveimur vitnum.

2. Bæði þessi vitni hafi samdægurs farið á tilgreindan fundarstað. Þar hafi annað þeirra tekið til varðveislu víraflækjur o.fl. Þessa hluti hafi það afhent Hannesi Thorarensen rannsóknarlögregluþjóni.

3. Hannes hafi sýnt þessa hluti Ragnari Valdimarssyni, verkstjóra Rafmagnsveitna ríkisins, sem hafi sagt þá alla frá Rarik komna, en gert þó fyrirvara um tilgreinda víra.

4. Hvellhettan, sem slysinu olli, hafi fundist innan um hluti sem viðurkennt sé af trúnaðarmanni Rafmagnsveitna ríkisins að frá þeim séu komnir.

5. Verkstjóri Rafmagnsveitna ríkisins viðurkenni að farið hafi verið með að hans boði „rusl“ á öskuhaugana þar sem hvellhettan fannst.

6. Rafmagnsveitur ríkisins hafi staðið fyrir miklum framkvæmdum í Mývatnssveit í mörg ár. Við þær framkvæmdir hafi sprengiefni verið notað.

7. Viðurkennt hafi verið af verkstjóra Rafmagnsveitna ríkisins að geymsla sprengiefnis hafi verið næsta gálausleg og að sprengiefni hafi verið stolið frá Rarik.

8. Hús Léttsteypunnar, sem verið hafi geymslustaður Rafmagnsveitna ríkisins á sprengiefni, sé í næsta nágrenni sorphauganna. Að minnsta kosti eitthvað af því sprengiefni, sem stolið hafi verið frá Rarik úr þessu húsi, hafi síðar fundist á víðavangi.

9. Geymsla sprengiefnis af hálfu Rarik hafi gróflega brotið í bága við opinber fyrirmæli þar um.

10. Þótt tilgreindir séu aðrir aðilar en Rarik er staðið hafi fyrir notkun sprengiefnis í Mývatnssveit, þá séu þeir svo fjarlægir í rannsókninni og komi svo óljóst við sögu að næsta langsótt sé að stefna þeim til bótaábyrgðar í þessu máli, enda komi ekkert fram í rannsókninni er bendi til gálauslegrar meðferðar eða geymslu þeirra á sprengiefni í Mývatnssveit. Það sé á hinn bóginn Rafmagnsveitur ríkisins sem séu í sviðsljósinu. Öll bönd berist að þeim sem aðila að bótaábyrgðinni gagnvart stefnendum.

Að lokum leggja stefnendur áherslu á að einatt hljóti að vera erfitt að færa fram í máli, þar sem slys hafi orsakast af hættulegum hlut sem lagður hafi verið á glámbekk, algjörlega tvímælalausar sönnur fyrir tengslum hlutarins við einn tiltekinn aðila. Sú staðreynd hljóti að koma stefnendum til góða í sakarmati í þessu máli eins og allt sé í pottinn búið.

Stefnendur halda því fram að bótaábyrgð stefnda sé óskoruð. Engin rök séu til þess að sakast við drenginn Sigurð Má um slysið. Þess sé engin von að svo ungur drengur geti varast hættueiginleika slíks hlutar sem hann finni, enda fundarstaðurinn í engum tengslum við hættusvæði vegna sprenginga. Auk þess hafi drengurinn sýnt alveg sérstaka aðgát og fyrirhyggju er hann fór rakleitt af fundarstaðnum og sýndi hvellhettuna tveim fullorðnum mönnum. Þeir hafi aftur á móti ekki áttað sig á hættueiginleikum hvellhettunnar, þar sem þeir töldu að um væri að ræða sérstakan hlut er þeir þekktu frá vinnustað sínum í Kísiliðjunni, sbr. skýrslur þeirra Árna Pálssonar og Friðgeirs Sigtryggssonar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að ósannað sé að hvellhettan, sem slysinu olli, hafi stafað frá Rafmagnsveitum ríkisins. Talla verði að stefnendur verði að sanna að svo hafi verið á meðan skynsmelegur og rökstuddur vafi leiki á um uppruna hvellhettunnar. Varðandi sönnunarskortinn áréttastefndu að upplýst sé að margir aðrir en Rarik hafi haft sprengiefni undir höndum í Mývatnssveit fyrir slysið. Þeir rekja því til staðfestingar:

Stefnandi, Árni Pálsson, og vitnin Friðgeir Sigtryggsson og Þorsteinn Árnússon hafi sagst vita um tvo aðila sem fengist hafi við sprengingar í Mývatnssveit. Séu það starfsmenn Rafmagnsveitnanna og Pétur Yngvason.

Vitnið Pétur Yngvason greini frá því í framburði sínum að hann hafi einu sinni farið með sprengiefni á umrædda ruslahauga og hafi notað það til þess að sprengja bílflak. Hafi hvellhettan, sem vitnið notaði, verið af annarri gerð en sú sem mál þetta snýst um. Þegar vitnið hafi verið spurt um gálauslega meðferð sprengiefnis í sveitinni, hafi það greint frá því að maður að nafni Gauti, sem verið hafi aðalsprengimaður hjá Miðfelli þegar bygging Kröfluvirkjunar stóð yfir, hafi sprengt fyrir plönum hjá Kísiliðjunni. Hann hafi líklega verið sjálfstæður verktaki við það verk og lagt sjálfur til sprengiefni. Kveðst vitnið síðan hafa heyrt því fleygt að stolið hefði verið einhverju af þessu sprengiefni. Það hafi verið geymt í ólæstum skúr og einhverjir strákar, sem unnu í pökkun hjá Kísiliðjunni, hafi stolið einhverju magni af hvellhettum og dínamíti og síðan sprengt það á áður greindum ruslahaugum suður af Léttsteypunni.

Þá segi ennfremur í skýrslu vitnisins: „Aðspurður skýrir mætti frá því að þegar frægt mál hér í sveit kom upp, hið svokallaða Miðkvíslarmál, þá hafi sprengiefni, sem notað var til að sprengja stífluna í Miðkvísl, verið sótt í hraunhelli sem var óbygður og Laxárvirkjun geymdi sprengiefni í.

Ljóst sé því að mjög mikið hafi verið notað af sprengiefni hér um slóðir á umliðnum árum og jafnframt hafi mikið kæruleysi verið haft í frammi við notkun og geymslu sprengiefna hjá Rarik, Kröflu, Laxárvirkjun og Gauta eða Kísiliðjunni.“

Vitnið Birkir Fanndal Haraldsson hafi sagt sprengiefni hafa verið notað við Kröflu til að skjóta göt á rörfóðringar og hafi það verið keypt af Kröfluvirkjun og notað af starfsmönnum Orkustofnunar.

Vitnið Benedikt E. Gunnarsson, sölumaður hjá Ólafi Gíslasyni & Co. hf., tilgreini fjóra aðila sem keypt hafi sprengiefni hjá fyrirtækinu og komið geti til greina í þessu sambandi. Þeir séu Norðurverk hf., Tungulax hf., Skútustaðahreppur c/o Pétur Yngvason og Landbúnaðarráðuneytið c/o Haukur Jörundsson.

Þá sé loks rétt að benda á framburð vitnisins Ragnars Valdimarssonar, verkstjóra línuflokks Rafmagnsveitnanna. Ragnar hafi sagst afdráttarlaust neita því að hann eða hans menn hafi farið með hvellhettu á þennan ruslahaug. Hann hafi aldrei lagt neitt frá sér á þennan haug og ekki gefið fyrirmæli um slíkt. Þá er mótmælt þeirri túlkun á skýrslu vitnisins sem kemur fram í málflutningi stefnenda, þar sem segi að verkstjórinn muni eftir því að hafa í eitt skipti gefið fyrirmæli um að fara með rusl á þessa ruslahauga, en í lögreglurannsókn segi orðrétt: „Í bæði þessi skipti hafi verið farið með ruslið, sem áður er lýst, á afgirta ruslahauga, en ekki haugana, sem eru sunnan við afgirtu haugana.“

Varakröfu sína og þrautavarakröfu byggja stefndu á því að verði stefndi talinn bera einhverja ábyrgð á tjóni stefnanda verði við ákvörðun bóta að taka tillit til eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bótanna, en eðlilegt sé að hvort tveggja leiði til lækkunar. Þá beri að skipta bótum vegna eigin sakar tjónþola, Sigurðar Más Grétarssonar. Tjónþoli sé fæddur 22. september 1968 og hafi hann því verið vel á 13. ári er slysið varð 8. júní 1981. Börn á þessum aldri eigi að hafa nægan þroska til að fikta ekki við torkennilega hluti sem þau finni, allra síst raftæki. Af framburði Sigurðar megi merkja að það hafi hvarflað að honum að hlutur þessi hefði einhverja hættueiginleika, þar sem hann hafi velt því fyrir sér að ná í fötu með vatni og láta hlutinn ofan í áður en hann tengdi við rafhlöðuna. Sigurður Már hafi hins vegar ekki gert nokkrar varúðarráðstafanir og hafi raunar áður verið búinn að slíta vírana í sundur svo til alveg upp við hvellhettuna og hafi hann haldið á hlutnum í hendi sér þegar hann tengdi. Þetta verði að teljast ákaflega óvarlega að farið með hlut sem ekki sé vitað hver sé. Vitnið Högni Jónsson segi Sigurð Má hafa sagt sér að þetta væri hlutur sem gæti hitnað mikið við það að vera tengdur við rafhlöðu. Sú staðreynd að hluturinn fannst á öskuhaugum hljóti einnig að hafa áhrif á matið á eigin sök eða „accept af risico“.

Þá mótmæla stefndu sérstaklega bótakröfu stefnenda á grundvelli eigin sakar Árna Pálssonar, föður tjónþola, en eigin sök eigi að firra hann bótarétti. Það hljóti að teljast meiri háttar gáleysi af fullorðnum manni með rafvirkjamenntun að láta 12 ára gamalt barn halda ókunnum hlut átölu- laust án þess að ganga fyllilega úr skugga um hver hluturinn sé.

Fyrir dóm hafa komið Hannes Gunnar Thorarensen rannsóknarlögreglu- maður, Ragnar Valdimarsson, verkstjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Benedikt Einar Gunnarsson, sölustjóri hjá Ólafi Gíslasyni & Co. hf.

Þá var málið endurupptekið eftir aðalflutning 13. september sl. og gerð tilraun til að fá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að ljúka rannsókn á aðdrag- anda slyssins. Tilraun þessi bar ekki árangur þar sem aðstoðarrannsóknar- lögrelustjóri taldi tilgangslaut að halda rannsókn áfram. Með tilvísun til þess var gagnaöflun lokið og málið flutt á ný.

Álit dómsins:

Sigurður Már Grétarsson slasast 8. júní 1981. Hann hafði fundið tíma- hvellhettu þá, sem slysinu olli, á öskuhaugum, skammt sunnan við hús Létt- steypunnar í nágrenni Reykjahlíðarþorps við Mývatn, um miðjan maí 1981. Samkvæmt framburði Benedikts Einarssonar, sölustjóra hjá Ólafi Gíslasyni & Co. hf., gefur framleiðandi upp að tímahvellhettur virki sem slíkar í 3 ár en komist ekki raki að þeim eru þær virkar áfram. Ólafur Gíslason & Co. hf. er eina fyrirtækið sem hefur leyfi til innflutnings á sprengiefni til landsins. Fram er komið að Rafmagnsveitur ríkisins eru einn þeirra aðila sem notað hafa tímahvellhettur á þessu svæði næstu ár fyrir tjónsatburðinn. Samkvæmt bréfi Samúels Ásgeirssonar, línudeild Raf- magnsveitnanna, dags. 12.11. 1981, var línuflokkur Gísla S. Hermannsson- ar á svæðinu árabilið 1976-1978 og línuflokkur Gísla Pálssonar 1978. Aðrar framkvæmdir við háspennulínubyggingar hafi verið unnar á vegum svæðis- skrifstofu Rafmagnsveitnanna á Akureyri. Samkvæmt framburði Hannesar Gunnars Thorarensen rannsóknarlögreglumanns hafði hann samband við Ingólf Árnason, yfirmann Rafmagnsveitnanna á Akureyri, til að fá yfirlit yfir verk unnin á vegum svæðisskrifstofunnar við Mývatn. Svar hafi ekki fengist. Ragnar Valdimarsson, sem er verkstjóri undir stjórn Ingólfs, hefur þó gefið rannsóknarlögreglunni skýrslu og komið fyrir dóm. Samkvæmt framburði hans var hann með vinnuflokk sinn á svæðinu haustið 1979 og haustið 1980. Hann segir þar hafa verið fleiri flokka á vegum Rafmagns- veitnanna. Samkvæmt framburði Ragnars notaði vinnuflokkur hans tíma- hvellhettur með rauðum og grænum þráðum eins og þá sem olli tjóninu. Slíkir vírar fundust einnig á öskuhaugunum í námunda við stað þann sem Sigurður Grétar fann tímahvellhettuna. Þar í nánd hafði einnig verið hent rusli sem komið er frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Í lögregluskýrslu frá 1. september 1979, sem liggur frammi í málinu, kemur fram að sumarið 1979 er stolið miklu af sprengiefni, þar á meðal hvellhettum, úr kistum sem Ragnar, verkstjóri Rafmagnsveitnanna, hafði fengið geymdar í ólæstu húsi Léttsteypunnar. Sprengiefni þetta finnst nokkru síðar. Samkvæmt framburði Hannesar Gunnars Thorarensen rannsóknarlögreglumanns telur hann að enginn hafi vitað hvort allt kom til skila þar sem enginn hafi vitað hversu miklu var stolið. Verkstjórinn, Ragnar Valdimarsson, telur aftur á móti að allt sprengiefnið hafi komið í leitirnar því í raun hafi hann fengið meira magn til baka heldur en hann saknaði. Þá kemur fram í skýrslu sem Rögnvaldur Egill Sigurðsson, gufuveitustjóri Kröfluvirkjunar, gefur fyrir rannsóknarlögreglu 9. júlí 1981, að hann hefur geymt fyrir Rafmagnsveiturnar sprengiefni í læstri geymslu í Kröfluvirkjun. Sprengiefni þetta hafi verið í poka. Hann hafi litið í pokann og komist að raun um að bæði voru hvellhettur og dínamít í sama pokanum. Á ljósmyndum, myndröð eitt, sem fylgja skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, kemur fram að Hannes Gunnar Thorarensen rannsóknarlögreglumaður finnur rauða og græna víra frá tímahvellhettum við línustæði Rafmagnsveitnanna norðvestur af Kísiliðjunni v/Mývatn. Í framburði Ragnars Valdimarssonar kemur fram að það komi fyrir að ekki vinnist tími til að hreinsa allt rusl við línustæðið. Fram kom hjá Ragnari að ekki er farið yfir sprengivíra og annað sem þeim er orðið ónýtt og athugað hvort þar leynast hvellhettur. Þá sagði Ragnar að sprengiefni, sem verið væri með á vinnustað, væri venjulega geymt í bifreiðum.

Af því sem hér hefur verið rakið kemur fram að meðferð og umhirðu starfsmanna stefnda, Rafmagnsveitna ríkisins, á sprengiefni var stórkostlega ábótavant á þeim tíma er hér skiptir máli á vinnusvæði stefnda við Mývatn og í hreinu ósamræmi við ákvæði 3. mgr. 26. gr. og 27. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Alveg í grennd við vinnusvæðið finnur stefnandi tímahvellhettu þá sem honum varð að tjóni.

Þegar þessa er gætt þykir fram komið að tímahvellhettan, sem tjóninu olli, gat vel verið komin úr birgðum Rafmagnsveitna ríkisins. Á skortir að Rafmagnsveitur ríkisins hafi gefið nægilegt yfirlit um notkun sína og verk-taka sinna á sprengiefni á þessu svæði en samkvæmt framburði Hannesar Gunnars Thorarensen rannsóknarlögreglumanns var eftir því leitað. Af lögreglurannsókn er ljóst að Rafmagnsveitur ríkisins eru langumfangsmesti notandi sprengiefnis á svæðinu á þeim tíma sem hér skiptir máli. Samkvæmt álit Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram kemur í bréfi vararannsóknarlögreglustjóra frá 31. október sl., verður ekki upplýst hvaðan tímahvellhettan er komin.

Þegar sönnunaraðstaðan hér er virt þykir rétt að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda, þar sem þannig er í ljós leitt að hann er langstærsti notandi

sprengiefnis á svæðinu á þeim tíma sem hér skiptir máli og fram er komið að starfsmenn hans fóru mjög gálauslega með sprengiefni á svæðinu og í algjörrri andstöðu við áðurgreind lagaákvæði sem gilda um meðferð slíkra hættulegra efna.

Af því sem fram er komið um atvik málsins er ljóst að stefnandi villtist á tímahvellhettunni og hitaleiðara, sem ekki hefur nokkra viðlíka hættueiginleika. Af því og aldri hans leiðir að telja verður að hann hafi ekki mátt gera sér grein fyrir því að hætta gat falist í því að tengja þann hlut, sem hann var með, við rafhlöðu. Hann verður þannig ekki talinn eiga að bera hluta tjóns síns sjálfur. Skiptir þar ekki máli hvort stjúpi hans hafi átt að kanna nánar hvað drengurinn var með áður en hann leyfði honum að halda hlutnum.

Telja verður að Árni Pálsson, stjúpi stefnanda, sem er rafvirki að mennt, hefði átt að kanna betur hlut þann sem drengurinn var með áður en hann leyfði honum að halda honum. Af þessu leiðir að foreldrum drengsins verða ekki dæmdar bætur vegna sérstaks tjóns þeirra sem af slysi drengsins hlaut.

Stefnendur sundurliða kröfu sína vegna Sigurðar Más Grétarssonar svo:

1. Örorkubætur	kr.	1.500.000.-
2. Bætur vegna þjánainga, lýta og röskunar á stöðu og högum	kr.	200.000.-
	Kr.	1.700.000.-

Stefnendur rökstyðja kröfu sína samkvæmt lið 1 á því að vinstri hönd Sigurðar Más hafi stórskaddast. Hann hafi misst litla finger, baugfinger og löngutöng, svo og hluta af miðhandarbeinum þeirra fingra. Auk þess hafi skaddast þumalfinger og lófi þeirrar handar. Varanleg örorka af völdum slyssins sé 50% samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar, tryggingayfirlæknis, sem framkvæmt var 2. september 1981.

Þá hafa stefnendur lagt fram örorkutjónsútreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar, cand. act. dags. 3. febrúar 1983, sem byggðir eru á örorkumati tryggingayfirlæknis. Þar segir:

Örorkumati tryggingayfirlæknis hefur ekki verið mótmælt og þykir mega til þess líta við ákvörðun bóta. Þegar örorkumat læknisins, örorkutjónsútreikningur tryggingafræðingsins og annað það sem venja er að hafa í huga við ákvörðun bótafjárhæðar hefur verið haft til hliðsjónar þykja örorkubætur til Sigurðar Más hæfilega ákveðnar kr. 750.000,00. Þegar hafðir eru

í huga þeir miklu áverkar, sem Sigurður Már hlaut af völdum slyssins og sú mikla röskun sem varð á stöðu og högum hans, þykja miskabætur til hans hæfilega áætlaðar kr. 100.000,00. Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum. Rétt þykir að taka hana til greina þó með þeirri breytingu að venjulegir sparsjóðsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru dæmdir frá slysdegi til uppkvaðningardags dóms þessa en dómvextir á sama hátt frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt niðurstöðu málsins er rétt að stefndu greiði stefnanda, Sigurði Má, málskostnað sem þykir réttilega ákveðinn kr. 94.400,00 sem rennur í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður hans greiðist úr ríkissjóði þ.m.t. laun talsmanns hans, Gunnars M. Guðmundssonar hrl., kr. 90.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hauki Pálmasygni og Jóni Guðmundssyni verkfræðingum.

D ó m s o r ð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Guðríði Gyðu Halldórsdóttur og Árna Pálssyni, vegna ólögráða sonar þeirra Sigurðar Más Grétarssonar, kr. 850.000,00 með 34% ársvöxtum frá 8. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, sem nú eru 25% ársvextir) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 94.400,00 í málskostnað sem rennur í ríkissjóð — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Sigurðar Más Grétarssonar, greiðist úr ríkissjóði þar með talin laun talsmanns hans, Gunnars M. Guðmundssonar hrl., kr. 90.000,00.

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Guðríðar Gyðu Halldórsdóttur og Árna Pálssonar, vegna þeirra sjálfra.